

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn hinn 13. desembermánaðar.

Nr. 36/1897:

Hið opinbera  
gegn

Guðmundi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með brjefi amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 11. maí þ. á., sem þinglýst var á manntalsþingi síðastliðið vor í Vatnsleysustrandarhreppi, var staðfest og ítrekað bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, er hann hafði útgefið 7. jan. þ. á. gegn því að hreppsúar í Vatnsleysustrandarhreppi færu út í útlend botnvörpuskip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð ad landinu frá útlöndum. Eptir að bann þetta var útgefið og birt, fór kærði Guðmundur bóndi Guðmundsson á Auðnum, 4. júlí þ. á., við sjöunda mann út í útlent botnvörpuskip, og fjekk hjá skipverjum fisk, sem þeir gáfu honum eða seldu, og flutti hann síðan fiskinn í land. Var höfðað mál móti kærða fyrir þetta og var það dæmt í lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 19. júlí þ. á. þannig, að kærði var fyrir óhlýðni við fyrjtjæð bann og »lög þau, er það byggist á«, svo og fyrir hlutdeild í broti gegn fyrir-mælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, dæmdur í 50 kr. sekt til lands-

sjóðs og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.

Bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 7. jan. þ. á., er fyr er getið og sem staðfest var með áður umgetnu amtsbrjefi 11. maí þ. á., hefur eigi verið framlagt í málinu, en undirdómariinn tjáir það í dómi sínum »byggt á almennum sóttvarnarfyrirskipunum«. Með áður áminnztri för sinni út í útlent botnvörpuveiðiskip, sem ætla verður að verið hafi að veiðum úti í Faxaflóa, án þess það sjáist nánar, hvar skipið hafi verið, og hvort í landhelgi eður eigi, verður eigi sjeð að kærði hafi gjörzt brotlegur gegn sóttvarnarlögum þeim, er í gildi eru, því síður sem alls óupplýst er um, hvort skipið hafi eigi áður í sömu ferðinni verið búið að sýna skjöl sín á höfn hjer á landi, en bann sýslumanns eða amtmanns gat eigi verið sjálfstæður grundvöllur til að byggja á refsidóm yfir kærða. Með því að heldur eigi verður sjeð, hvernig kærði hefur með atferli sínu, sem fyr er lýst, orðið meðsekur í nokkru broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, verður að dæma kærða algjörlega sýknan af kæru hins opinbera í máli þessu. Allan kostnað málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, ber að greiða úr landssjóði, þar með talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið víta-  
laus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Guðmundur Guðmundsson á Auðn-  
um á að vera sýkn af kærðu hins opinbera í  
máli þessu. Allur af málinu í hjerði og  
fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður greiðist úr  
landssjóði, þar með talin málfutningslaun til  
sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum,  
cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand.  
jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors  
þeirra.

Nr. 37/1897:

Hið opinbera  
gegn  
Bjarna Stefánssyni.

#### Dómur:

Með brjefi amtmannsins yfir Suduramtinu,  
dags. 11. maí þ. á., sem þinglýst var á mann-  
talsþingi síðastliðið vor í Vatnsleysustrandarhreppi,  
var staðfest og itrekað bann sýslumannsins í  
Kjósar- og Gullbringusýslu, er hann hafði útgefið  
7. jan. þ. á. gegn því að hreppsþúar í Vatnsleysu-  
strandarhreppi færu út í útlend botnvörpu-veiði-  
skip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra  
skjöl sín í þeirri ferð að landinu frá útlöndum.  
Eptir útkomu banns þessa fór kærði Bjarni bóndi  
Stefánsson á Stóru-Vatnsleysu nokkrum sinnum,